



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2008

**Efni: Stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, EES-reglur, rafeindatækjaúrgangur, 327. mál.**

Samtök atvinnulífsins áttu fulltrúa í þeirri nefnd sem samdi drög að frumvarpinu og lýsa yfir stuðningi við samþykkt þess.

SA leggja áherslu á að í frumvarpinu er kveðið á um skýra verkaskiptingu milli þeirra sem bera ábyrgð á raftækja- og rafeindatækjaúrgangi (framleiðendur og innflytjendur) og sveitarfélaga sem skulu sjá til þess að heimili geti skilað úrganginum á söfnunarstöðvar. Það eru framleiðendur og innflytjendur sem bera ábyrgð á því að úrgangurinn verði sóttur á söfnunarstöðvar og ráðstafað á þann hátt sem lög og reglur kveða á um. Á sama hátt bera framleiðendur og innflytjendur ábyrgð á að safna og meðhöndla sambærilegan úrgang sem fellur til í atvinnulífinu. Til þess að annast þetta ber framleiðendum og innflytjendum að eiga aðild að svokölluðum skilakerfum sem taka yfir ábyrgðina fyrir þeirra hönd.

Skilakerfin sjá um að úrgangi sé safnað og að hann hljóti rétta meðhöndlun. Skilakerfin sjá um að setja gjaldskrá sem stendur undir kostnaði við söfnun og meðhöndlun og er það grundvallarbreyting frá því kerfi sem nú er uppi þar sem lagt er á úrvinnslugjald með lögum og ríkisstofnunin Úrvinnslusjóður sér um ráðstöfun þess. Takist vel til má gjarna sjá fyrir að úrvinnslugjaldskerfið þróist yfir í þá átt sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Til þess að hafa umsjón með skilakerfunum og til þess að líta eftir því að allir framleiðendur og innflytjendur eigi aðild að skilakerfi er sett á fót sérstök stýrinefnd. Í tillögum nefndarinnar sem samdi frumvarpið var gert ráð fyrir að atvinnulífið tilnefndi 4 fulltrúa af 5 til setu í nefndinni en einn væri skipaður án tilnefningar. Við skipan stýrinefndarinnar var einkum horft til danskrar fyrirmyndar þar sem atvinnulífið tilnefnir 8 af 9 fulltrúum en umhverfisráðherra skipar einn með sérþekkingu á samkeppnismálum. Mikilvægt er að hafa í huga að stýrinefndin fjallar fyrst og fremst um málefni farmleiðenda og innflytjenda en hefur engin bein afskipti af söfnunarstöðvum sveitarfélaga, starfsemi þeirra eða rekstri. Það er því eðlilegt að samtök þeirra fyrirtækja sem undir þessi lög falla skipi stýrinefndina að stærstum hluta. Í meðhöndlun umhverfisráðuneytisins var þessu breytt þannig að fulltrúar í stjórn Úrvinnslusjóðs taki að sér þetta hlutverk stýrinefndar og er það ásættanlegt enda má ætla að þeir búi þegar yfir þekkingu og reynslu á þessu sviði. Þess má geta að fyrirtækin sem undir þessi ákvæði falla hafa einna helst áhyggjur af því að einstakir innflytjendur geti skotið sér undan þátttöku í skilakerfi en engin hætta er á því þegar úrvinnslugjald er lagt á í tolli.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Stýrinefndin kemur ábendingum um að tilteknir aðilar eigi ekki aðild að skilakerfi til Umhverfisstofnunar og eins ef upp kemur að skilakerfi standi ekki að málum eins og vera ber. Það er síðan Umhverfisstofnun sem sér um að framfylgja þeim málum og knýja fram úrbætur með aðferðum sem tiltæk eru að lögum.

Mikilvægt er að framleiðendur og innflytjendur hafi rúman tíma til að undirbúa og hefja rekstur skilakerfa og er lagt til að frestur til skráningar verði til 1. október 2008 og að skilakerfin skuli taka til starfa 1. janúar 2009.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Egilsson,  
framkvæmdastjóri

